

Skógrækt í Kína

Fyrirlestur haldinn á aðalfundi
Skógræktarfélags Íslands á
Blönduósi 25. ágúst 2012

Kína nokkrar staðreyndir

- Um 20% landsins skógi vaxið
- Tvær af stæðstu eyðimörkum heimsins innan Kína að miklu eða öllu leyti (Góbí og Taklamakan)
- Töluvert gengið á skóglendi vegna fólksfjölgunnar og annara athafna mannsins síðustu 60 ár.




Gróðursvæði Kína



Þróun skóglendis í Kína

- Undanfarið hefur verið gert mikið í að vernda skóg og endurheimta.
- Núna þekur skógur um 20% af flatarmáli Kína en var einungis tæplega 14% árið 1992
- Kínverjar flytja núorðið mest inn af viði til notkunnar, mjög lítið sem kemur úr skógi innanlands.
- Núna í gangi 6 stór skógræktarverkefni sem eiga að breyta ásýnd Kína

Jarðvegskort af Kína



Skógrækt

- Skógræktardagurinn haldinn hátíðlega 12. mars ár hvert. Hverjum einstaklingi yfir 11 ára aldri ber skylda til að planta 3 trjám árlega
- Yfir 500 km² af skóglendi í Kína er ræktað
- 5,88 milljón hektarar af skóglendi plantað árlega, 2,5 sinnum stærra landsvæði en afgangurinn af heiminum gerir samanlagt



Jarðvegseyðing

- Þau svæði í Kína sem teljast eyðimörk hafa stækkað úr um 15% fyrir um 30 árum síðan, yfir í tæp 30% nú
- Graslandi gefur eftir um 15.000 km² á ári





Sandstormurinn frá Góbí skeykur höfuðborgina

Myndin er tekin að vori til á Torgi hins himneska friðar í Peking. Sandstormurinn sem gerir árlega vart við sig á vorin minnir íbúa höfuðborgarinnar og þar á meðal ráðamenn landsins á nauðsyn þess að hefta gróðureyðingu í norðri

Verkefnið “Græni Kínamúrinn”

- Verkefni sem felur í sér algera umbreytingu á stórum landsvæðum í Norður – Kína. Grunnhugmyndin er að byggja skjólbelti frá vestasta hluta Kína allt að austasta héraðinu, samtals um 4.480 km leið
- Nær yfir landsvæði allt að 4 milljónum km², þar af er áætlað að skógur muni þekja rúmlega 35 milljónir hektara
- Verkefnið byrjaði 1978 og er til 2050 en er núna komið á fjórða skeið af átta.
- Er eitt af 6 stórum skógræktarverkefnum í Kína en langstæðst þeirra að umfangi


Verkefnið “Græni Kínamúrinn”

三北防护林体系

工程区涉及13省551县

土地总面积: 40600 万公顷

规划工程量: 3508.3 万公顷



Græni Kínamúrinn - framkvæmd

- Kostnaður u.þ.b. 200 milljarðar króna á ári
- Samið við bændur um gróðursetningu eins dreift fræi úr lofti. Þar sem skilyrði eru sérstaklega slæm er farið í mjög vinnuaflsfrekar aðgerðir



Verkefnið “Græni Kínamúrinn”

- Ótvíræðir kostir við verkefnið
 - Heftir sandfok og gróðureyðingu
 - Eykur kolefnisbindingu
 - Skapar atvinnu á svæðum sem hafa orðið útundan í hinni miklu efnahagsuppbyggingu í Kína



Græni Kínamúrinn

- Ýmsar gagnrýnisraddir hafa þó heyrst varðandi framkvæmdina:
 - Of einhæfar trúategundir notaðar sem jafnvel eru utanaðkomandi og því óhentugar
 - Hætt við áföllum eins og trjádauða vegna veðurfars eða sótta
 - Fugla- og dýralíf festir ekki rætur í þeim skógi sem myndast vegna tegundanna sem notaðar eru

Takk fyrir - xiexie